

Menningarfélag Akureyrar


Strandgata 12  
600 Akureyri

Menningsarfélag  
Akureyrar

Starfsreglur fyrir stjórn

Menningarfélags Akureyrar ses.

- |      |   |
|------|---|
|      | 1. gr. Almennt  |
| 1.1. | Starfsreglur þessar eru settar í samræmi við samþyktir félagsins.   |
| 1.2. | Stjórn Menningarfélags Akureyrar skal skipuð fjórum mönnum og fjórum til vara. Leikfélag Akureyrar, Sinfóniuhlíjómsveit Norðurlands og Menningarfélagið Hof skipa einn fulltrúa hver og einn til vara til tveggja ára. Akureyrarbær skipar fjóðra mann í stjórn sem verður formaður stjórnar og einn til vara.  |
| 1.3. | Allir stjórmenn skulu fá eintak af starfsreglum stjórnar er þeir taka sæti í stjórn félagsins ásamt samþyktum félagsins. Starfsreglurnar skulu að jafnaði tekmar til umræðu á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund þegar breyting hefur orðið á stjórn. Stjórmenn skulu staðfesta þær starfsreglur sem stjórnin settur sér með undirritun sinni. Starfsreglur stjórnar skulu jafnframt birtar á vefsavæði félagsins. |
|      | 2. gr. Skyldur stjórnarmanna  |
| 2.1. | Hver sá sem kjörinn er til stjórnarsetu skal rækja skyldur sínar sem stjórnarmaður af heilindum og hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa, sem slík seta krefst.  |
| 2.2. | Stjórmönnum ber að taku sjálfstæðdar ákvæðanir í hverju máli fyrir sig, enda eiga stjórmenn að gæta heildarhagsmuna MAK framyfir sérhagsmuni einstakra aðiliðarfélaga.  |
| 2.3. | Stjórmenn skulu hafa skilning á hlutverki stjórnar, hlutverki sínu og ábyrgð, ásamt því að hafa þekkingu á þeim lögum og reglum sem gilda um fyrirtækjarekstur og starfsemi félagsins.  |
| 2.4. | Stjórmönnum ber að koma í veg fyrir að málnefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og félagsins.  |
| 2.5. | Stjórmönnum ber að mæta á alla boðaða fundi þ.e. stjórnarfundi og aðalfundi nema lögmæt forföll hamli.  |
| 2.6. | Stjórmenn og framkvæmdastjóri bera sameiginlega ábyrgð á því að stuðla að góðum starfsanda sín á milli.   |
| 2.7. | Stjórmenn eiga rétt á að kynna sér öll þau gögn og upplýsingar sem þarf til að hafa fullan skilning á rekstri félagsins og til að taka upplýstar ákvæðanir um rekstur þess.   |
| 2.8. | Aðalmaður í stjórn skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðillegur hluti starfa hans sem stjórnarmeðlims, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórnin sampaþkkir að honum sé falið.   |



# Menningarfélag Akureyrar

Strandgata 12  
600 Akureyri


Menningarfélag  
Akureyrar

## 3. gr. Verksvið stjórnar

- 3.1. Stjórnin stýrir öllum málendum félagsins og skjal síá til þess að skipulag og starfsemi Menningarfélags Akureyrar sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- 3.2. Stjórn skal funda með aðildarstjórnum félagsins einu sinni ár hvert og oftar ef þurfa þykir.
- 3.3. Stjórn skal hafa yfirlumsjón með starfseminni í heild og eftirlit með framkvæmdastjóra.
- 3.4. Stjórn ásamt framkvæmdastjóra hafa forstu um að móta stefnu og setja markmið og áhættuviðmið félagsins til skemmri og lengri tima
- 3.5. Stjórnar er að tryggja skýrsla skiptingu ábyrgðar á starfseminni og að framfylgt sé stefnu og markmiðum félagsins.
- 3.6. Stjórn skal sjá til þess að til staðar sé innra eftirlit og að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt.
- 3.7. Stjórnar er að tryggja nægilegt eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 3.8. Stjórnar er að tryggja að félagið starfi í samræmi við gildandi lög og reglur.
- 3.9. Stjórn sér um ráðningu framkvæmdastjóra og meta frammistöðu hans regulega en aukinn meirihluta atkvæða stjórnar þarf til að sampykka ráðningu framkvæmdastjóra. Það sama gildir um sampykki á tillögum um ráðningar svíðsstjóra sem framkvæmdastjóri leggur fyrir stjórn.
- 3.10. Það er hlutverk stjórnar að veita prókúruumboð.
- 3.11. Stjórnarmenn hlutast ekki til um störf starfsmanna. Það er á ábyrgð framkvæmdastjóra.
- 3.12. Á fyrsta fundi í upphafi starfsárs skulu stjórn og framkvæmdastjóri móta starfsáætlun fyrir starfsárið, sem skal hljóta sampykki stjórnarfundar. Þar skulu mikilvægustu verkefni starfsársins koma fram og hvenær um þau er fjallað.
- 3.13. Ráðstafanir sem eru óverjulegar eða mikilsháttar falla undir verksvið stjórnar en teljast ekki hluti af daglegum rekstri framkvæmdastjóra.
- 3.14. Ef stjórnmann fá upplýsingar sem beir telja mikilvægar fyrir rekstur og framgang félagsins, eða heyrar af ágreiningi ber þeim að koma þeim upplýsingum hið fyrsta til formanns sem ræðir þá við framkvæmdastjóra ef þörf er á að gera slikt áður en til stjórnarfundar kemur.

## 4. gr. Hlutverk stjórnarformanns

- 4.1. Stjórnarformaður ber ábyrgð á því að stjórnin gagni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti.
- 4.2. Að stuðla að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn séu búnar sem bestar starfsaðstæður.
- 4.3. Að halda öllum stjórnarmönnum upplýstum um málefni sem félaginu tengjast og stuðli að virkni stjórnar í allri umræðu og ákvarðanatökum.





# Menningarfélag Akureyrar

Strandgata 12  
600 Akureyri

## Menningarfélag Akureyrar

- 4.4. Sjá til þess að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum félagsins, m.a. stefnu þess, markmið og rekstur.
  - 4.5. Sjá til þess að stjórnin uppfærí, með reglubundnum hætti, þekkingu sína á félaginu og rekstri þess, ásamt því að tryggja að stjórnin fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu.
  - 4.6. Stjórnarformaður er talismaður stjórnar út á við og gagnvart framkvæmdastjóra. Eins ber hann ábyrgð á samskiptum stjórnar við aðildarstjórnir félagsins.
  - 4.7. Taka frumkvæði að gerð og endurskoðun starfsreglna stjórnarinnar.
  - 4.8. Útbúa dagskrá stjórnarfunda, í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins, sjái um boðun þeirra og stjórnun. Stjórnarformaður skal sjá til þess að nægur tími sé gefinn til umræðna og ákvárdanatökum á stjórnarfundum, sérstaklega hvað varðar staðar og flóknari mál.
  - 4.9. Fylgjast með framvindu ákvárdana stjórnarinnar innan félagsins og staðfesti innleiðingu þeirra gagnvart stjórn.
  - 4.10. Sjá til þess að stjórnin meti árlega störf sín og undirnefnda ef við á.
  - 4.11. Stjórnarformaður skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðillegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórnin felur honum að vinna fyrir sig.
- ### 5. gr. Hlutverk framkvæmdastjóra
- 5.1. Stjórn ræður félaginu framkvæmdastjóra, gengur frá starflýsingu hans og veitir honum lausn frá störfum. Stjórn getur falið formanni stjórnar að annast samninga við framkvæmdastjóra um gerð ráðningarsamnings um starfskjör hans, sem stjórn skal staðfesta.
  - 5.2. Um hlutverk framkvæmdastjóra kemur fram í ráðningarsamningi og skal verkaskipting milli stjórnar og framkvæmdastjóra vera skýr. Framkvæmdastjóri skal annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem teljast óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn félagsins, nema ekki sé unnt að biða ákváðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.
  - 5.3. Samskipti stjórnar og framkvæmdastjóra skulu byggjast á hreinsklini, heiðarlíka og gagnkvæmu trausti og stuðla þannig að skilvirku og árangursríku starfi félagsins.
  - 5.4. Stjórn getur á stjórnarfundum krafíð framkvæmdastjóra um upplýsingar og gögn sem stjórninni eru nauðsynleg til að hún geti sint verkefnum sínum.
  - 5.5. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum stjórnar.
  - 5.6. Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd félagsins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.



# Menningarfélag Akureyrar

Strandgata 12  
600 Akureyri

Menningarfélag  
Akureyrar

- 5.7. Framkvæmdastjóra ber að veita endurskoðanda félagsins allar þær upplýsingar sem hann óskar.



## 6. gr. Stjórnarfundir

- 6.1. Stjórnarfundir skulu jafnaðarlega haldnir 1 sinni í mánuði en oftar sé talin ástæða til.
- 6.2. Auk þess skal halda stjórnarfund ef formaður, aðrir stjórmarmenn eða framkvæmdastjóri telja síkt nauðsynlegt.
- 6.3. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á undirbúnungi funda og fundarritun ásamt formanni.
- 6.4. Stjórnarfundi skal almennt halda í fundarkynnum félagsins en stjórnarfundi má halda með rafrænum hætti kalli aðstæður á það.
- 6.5. Stjórnarfundir eru lögmættir ef allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir með eðlilegum fyrirvara og meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið.
- 6.6. Að jafraði skal senda fundarboð og dagskrá með minnst þriggja daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur ákveðið skemmti frest vegna sérstakra aðstæðna.
- 6.7. Fundargögnum skulu að jafnaði vera vístuð á vefgátt stjórnar. Stjórnarmenn hafa óheftan aðgang að fundargögnum fyrri stjórnarfunda. Ætið ber að gæta fyllstu varúðar við meðferð fundargagna og allar upplýsingar sem gætu verið varðar reglum um vernd og persónuupplýsingar.
- 6.8. Stjórn heldur að lágmarki einn stjórnarfund ári án framkvæmdastjóra. Stjórnarformaður ber ábyrgð á þeirri fundargerð.
- 6.9. Tilkynna skal forföll tímanlega til formanns. Aðalmaður skal boða varamann í sinn stað.
- 6.10. Framkvæmdastjóri tekur þátt í stjórnarfundum, með málfræsi og tillögurétt. Stjórn getur þó óskað fjarveru framkvæmdastjóra undir einstökum dagskráliðum eða á heilum stjórnarfundi. Ber framkvæmdastjóra að verða við slikum óskum.
- 6.11. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála en ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

- 6.12. Stjórnarstarfið skal alment fara fram á stjórnarfundum. Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og stjórnenda félagsins um málezni er varða ákvarðanir stjórnar eða forsendur ákvarðana stjórnar skal upplýst um þau við upphaf næsta stjórnarfundar.

## 7. gr. Fundargerðir

- 7.1. Framkvæmdastjóri skal skrá fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum. Fundargerðir skulu sendar út eftir stjórnarfundi til allra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra austur með.





# Menningarfélag Akureyrar

Strandgata 12  
600 Akureyri

Menningarfélag  
Akureyrar

varamanna sem setið hafa viðkomandi fund og skulu fundarmenn staðfesta fundargerð í tölvupósti sem allra fyrst.

- 7.2. Í fundargerð skal skrá eftirfarandi: a. Hvar og hvenær fundurinn er haldinn. b. Hverjir sitja fundinn og hver ritar fundargerð. c. Dagskráratríði samkvæmt fundarboðun, stutta lýsingu á dagskráliðum og gögnum fundarins. d. Ákvárdanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur eft til þeirra kemur. e. Upphaf og lok fundartíma. f. Hvort og hvers vegna stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða annar vikur af fundi við umræðu eða ákvörðun dagskráliðar og hvort viðkomandi hafi haft aðgang að gögnum vegna umræðu eða ákvörðunara. g. Hvenær næstí stjórnarfundur verður haldinn.
- 7.3. Stjórnarmeðlimur sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar á rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð eða á minnisláð varði málid upplýsingar er falla undir persónuvernd, starfsmannamál eða önnur mál er ekki eiga heima í opinberum fundargerðum.
- 7.4. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á vistun gagna. Fundargerðir eru vistaðar í TEAMS- Sharepoint sem stjórn og framkvæmdastjóri einir hafa aðgang að.
8. Vanhæfi og hagsmunaárekstrar
- 8.1. Stjórnarmanni er skyldt að upplýsa um atvilk sem geta valdið vanhæfi hans og skal hann gera það um leið og slið mál koma upp. Vanhæfur stjórnarmaður á ekki að taka þátt í meðferð máls að neinu leytí og ekki að fá aðgang að gögnum eða vera viðstaddir umræður eða ákvárdanir á stjórnarfundum. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti og að hann hafi ekki fengið aðgang að gögnum.
- 8.2. Stjórn félagsins tekur ákvörðun um vanhæfi einstakra stjórnarmanna ef vafamál kemur upp.
9. gr. Pagnar- og trúnaðarskylda
- 9.1. Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni MAk og önnur atríði sem þeir fá vitneskjú um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli más eða ákvörðun stjórnarinnar.
- 9.2. Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að gögnum sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila.
- 9.3. Stjórnarmeðlimum er heimilt að athuenta aðildarstjórnum gögnum sem beihlínis snerta hagsmuni stofnaðila Menningarfélags Akureyrar og stjórn er sammála um að dreifa megi til þeirra.
- 9.4. Pagnarskylda helst þó stjórnarmaður hætti í stjórn með eðlilegum hætti á aðalfundi eða segi sig úr stjórn á milli aðalfunda.
10. gr. Breytingar á starfsreglum stjórnar
- 10.1. Stjórn skal taka starfsreglur sínar til upprifjunar og endurskoðunar árlega.
- 10.2. Einungis stjórn MAk getur gert breytingar á starfsreglum þessum.



# Menningarfélag Akureyrar

Strandgata 12  
600 Akureyri

Menningarfélag  
Akureyrar

## 11. gr. Meðferð starfsreglna

- 11.1. Þeir sem sæti eiga í stjórn félagsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumit reglnanna.
- 11.2. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumit af reglunum svo breyttum.
- 11.3. Nýjum stjórnarmönnum MAK og framkvæmdastjóra skulu kyntar starfsreglurnar.
- 11.4. Verklagsreglur þessar eru settar með heimild samkvæmt 8. gr. samþykktta félagsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi Menningarfélags Akureyrar ses. hinn 06.11.2023




Preben Jón Pétursson  
Stjórnarmaður



Jóhanna María Elena Matthiasdóttir  
Stjórnarmaður



Agust Þorfi Ágústsson  
Stjórnarmaður



Michael Jon Clarke  
Stjórnarmaður

